

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fara fram sunnudaginn 28. júní 1964.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómsmálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (Vestur-Skaftafellssýslu — Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1017 meðmælendur, en mest 2034.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu — Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 141 meðmælandi, en mest 282.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (Vestur-Húnavatnssýslu — Suður-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 240 meðmælendur, en mest 480.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (Norður-Þingeyjarsýslu — Austur-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 102 meðmælendur, en mest 204.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 15. marz 1964.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartaflna og grænmetis, ákveðið að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:

Gullauga (Helga).

Rauðar íslenzkar.

Möndlukartöflur.

Bintje (stærð 45 gr. og stærri).

II. flokkur:

Rya.

Eiginheimer.

Alpha.

Dir. Johannson.

Ackersegen (Akurblessun).

Gular íslenzkar.

King Edward.

Júli.

Furore.

Eftirgreindar kartöflur, snemnvaxnar tegundir, eru flokkaðar í II. flokk fram til 20. september, en sem III. flokks kartöflur eftir þann tíma:

Skaan.
Saga.
Eva.
Pontiac.

Ráðuneytið hefur staðfest þessa ákvörðun, sem kemur til framkvæmda frá og með næsta uppskeruári, þar til annað verður ákveðið.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. marz 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

2. apríl.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 og að fengnum tillögum frá borgarstjórn Reykjavíkur, hafa verið settar eftirfarandi takmarkanir á umferð um Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og Aðalstræti:

Bönnuð er umferð vörubifreiða, sem eru yfir 1 tonn að burðarmagni, og fólksbifreiða, 10 farþega og þar yfir, annarra en strætisvagna, á tímabilinu frá kl. 13.00, þar til almennum verzlunum er lokað á virkum dögum, nema laugardögum, en þá gildir bannið frá kl. 10.00. Enn fremur er vöruferming og afferming bönnuð á framangreindum götum á sama tíma.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 2. apríl 1964.

Sigurjón Sigurðsson.

28. apríl.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 2. maí 1958:

Ákveðinn hefur verið einstefnuakstur á eftirtöldum götum:

Háukinn til austurs frá Bárúkinn að Stekkjarkinn.

Stekkjarkinn til norðurs frá Háukinn.

Köldukinn til vesturs frá Stekkjarkinn að Hringbraut.

Bröttukinn til austurs frá Hringbraut að Stekkjarkinn.

Grænukinn til vesturs frá Stekkjarkinn að Hringbraut.

Fögrukinn til austurs frá Hringbraut að Bárubraut.

Kirkjuvegi til norðurs frá Reykjavíkurvegi að Hellisgötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 28. apríl 1964.

Björn Sveinbjörnsson, settur.